

## Stofnanasamningur

Vinnueftirlits ríkisins og SFR stéttarfélags í almannapjónustu, samkvæmt 11. kafla kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með gildistíma frá 28. 10. 2015

### 1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til félagsmanna í SFR sem ráðnir eru til starfa hjá Vinnueftirliti ríkisins.

### 2. Markmið

*Aðilar eru sammála um að meginmarkmið með þessum samningi sé eftirfarandi:*

- að skapa samræmt launakerfi innan stofnunarinnar og eðlilegt launastig miðað við aðrar sambærilegar stofnanir
- að launakerfið verði gagnsætt og að ákvarðanir í launamálum verði teknar með málefnalegum hætti
- að gera launakerfið hvetjandi til aukinna afkasta og góðrar frammistöðu starfsmanna og bætts árangurs stofnunarinnar
- að launakerfið stuðli að uppfyllingu gagnkvæmra væntinga starfsmanna og stofnunar
- að heildarlaunakostnaður stofnunarinnar hækki ekki umfram það sem fjárheimildir gera henni kleift að standa undir
- lögð verði áhersla á samþættingu vinnu og fjölskyldulífs og að vinnutíma verði stillt í hóf

### 3. Skilgreining starfa og grunnröðun

Launakerfi Vinnueftirlitsins byggir á eftirfarandi flokkun starfa hjá stofnuninni. Þegar einstökum störfum er grunnraðað í þessa flokka skal miðað við viðvarandi/stöðugt verkefni hvers starfs. Eins árs starfsaldur er felldur inn í grunnlaunin.

#### Fulltrúi

16

Fulltrúi hefur með höndum afmörkuð verkefni sem aðeins að litlu leyti felur í sér þjónustu við viðskiptavinum

#### Þjónustufulltrúi

16

Þjónustufulltrúi hefur með höndum fjölpætta þjónustu við samskiptaaðila stofnunarinnar og starfsmenn hennar. Einnig sérhæfð verkefni svo sem innkaup, slysaskráningu o.fl.

#### Launafulltrúi

20

launafulltrúi annast launaafgreiðslu, tryggir rétta framkvæmd kjarasamning og er staðgengill aðalbókara

<b>Aðalbókari</b>	<b>25</b>
Aðalbókari sér um bókhald og annast uppgjör og afstemmingu sjóða.	
<b>Eftirlitsmaður í fyrirtækjaeftirliti</b>	<b>19</b>
Eftirlitsmaður annast eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. samskiptum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna, rannsókn vinnuslysa og gerð umsagna.	
<b>Eftirlitsmaður í vinnuvélaþjónustu</b>	<b>19</b>
Eftirlitsmaður annast eftirlit með vinnuvélum, verkleg próf vinnuvélastjóra ogbregst við alvarlegum ágöllum öryggismála á vinnustað þar sem eftirlitið fer fram.	
<b>Fagstjóri</b>	<b>25</b>
Sérfræðingur sem hefur með höndum stjórnun ákveðins fagsviðs innan stofnunarinnar.	
<b>Verkefnastjóri</b>	<b>25</b>
Sérfræðingur sem hefur með höndum stjórnun stórra verkefna innan stofnunarinnar.	
<b>Deildarstjóri 1</b>	<b>32</b>
Deildarstjóri 1 ber ábyrgð á rekstri deildar með 5 starfsmönnum eða færri undir yfirstjórn sviðsstjóra eða forstjóra.	
<b>Deildarstjóri 2</b>	<b>34</b>
Deildarstjóri 2 ber ábyrgð á rekstri deildar með 6 starfsmönnum eða fleiri undir yfirstjórn sviðsstjóra eða forstjóra.	
<b>Sviðsstjóri</b>	<b>41</b>
Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri sviðs undir yfirstjórn forstjóra	
<b>Aðstoðardeildarstjóri 1</b>	<b>25</b>
Aðstoðardeildarstjóri 1 er aðstoðarmaður deildarstjóra í deild með 5 starfsmönnum eða færri og stýrir deildinni í fjarveru hans.	
<b>Aðstoðardeildarstjóri 2</b>	<b>27</b>
Aðstoðardeildarstjóri 2 er aðstoðarmaður deildarstjóra í deild með 6 starfsmönnum eða fleiri og stýrir deildinni í fjarveru hans.	
<b>Aðstoðarsviðsstjóri</b>	<b>30</b>
Aðstoðarsviðsstjóri er aðstoðarmaður sviðsstjóra stýrir sviðinu í fjarveru hans.	
<b>Starfsreynsla</b>	
Eftir fjögurra ára starf hækka starfsmenn um einn launaflokk. Forstjóra er heimilt að flýta starfsaldurshækkun.	
<b>5. Menntun</b>	
Grunnröðun fulltrúa og þjónustufulltrúa miðast við að þeir hafi menntun í skrifstofustörfum og. Hafi starfsmaður sem gegnir þessum störfum stúdentspróf	

greiðist 1 launaflokkur vegna viðbótarmenntunar. Heimilt er að meta sérhæft nám í tölvu- og skrifstofustörfum til hækkunar með sama hætti.

Grunnröðun eftirlitsmanna miðast við að starfsmaður sem gegnir starfinu hafi lokið iðnprófi, stúdentsprófi eða hliðstæðu námi.

Starfsmenn sem lokið hafa eins til tveggja ára viðbótarmenntun sem nýtist í starfi skulu raðast einum launaflokki ofar en ella. Þeir sem lokið hafa þrjú ára eða lengra námi skulu raðast tveimur flokkum ofar en ella.

Starfsmenn sem lokið hafa námskeiðum á vegum samningsaðila sem nýtast í starfi skulu fá viðbótarhækkunir sem hér segir:

Allir fulltrúar	60 stunda námskeið 1 launafl.
	120 stunda námskeið 1 launafl.

Eftirlitsmenn og umsæmisstjórar	300 stunda starfsnám 1 launafl.
	600 stunda starfsnám 1 launafl.

Aðrir starfsmenn eiga ekki rétt til launahækkana vegna námskeiða.

Forstjóra er heimilt að flýta námskeiðshækkunum þegar viðkomandi hefur menntun, þjálfun og starfsreynslu sem metin er jafngild námskeiðunum. Eftirlitsmenn og fulltrúar eiga rétt á tveimur launaflokkum fyrir námskeið en það er háð mati næsta yfirmanns og forstjóra hvenær hækkunin komi til framkvæmda. Báðir flokkar eiga þó að vera komnir inn innan fjögurra ára. Sá fyrri eigi síðar en eftir tvö ár.

## 6. Viðbótarhækkunir vegna álags, og ábyrgðar og/eða hæfni og frammistöðu.

Til viðbótar þeirri röðun sem felst í greinum 3, 4 og 5 geta komið hækkunir vegna sérstakrar ábyrgðar eða álags sem fylgir starfi umfram það sem fram kemur í grunnröðun. Við ákvörðun um slíka hækkun skal eftirfarandi metið:

- Tímabundin aukin ábyrgð
- Innleiðing verkefna
- Þróun og nýsköpun
- Sérstak álag og erfiðleikastig
- Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit
- Öflun nýrra verkefna og hugmynda

Einnig getur komið til viðbótar hækkun vegna persónulegrar hæfni og frammistöðu í starfi. Við ákvörðun um slíka hækkun skal eftirfarandi metið:

- Sýnir góðan árangur í starfi.
- Sýnir hæfni til samskipta og samvinnu.
- Sýnir áhuga, sjálfstæði, frumkvæði eða nýsköpun í starfi.
- Sýnir hæfni til að fræða og leiðbeina öðrum.
- Getur sinnt störfum á fleiri en einu af verk sviðum stofnunarinnar.
- Sinnir fræðilegum athugunum á starfssviði stofnunarinnar.

- Markaðsálag eða eftirspurnarálag

### 7. Launasamtöl og réttur til endurmats á röðun

Starfsmaður á rétt á árlegu launasamtali við næsta yfirmann þar sem farið er yfir viðbótarröðun hans skv. gr.6

### 8. Endurskoðun

Samkomulag þetta skal endurskoða í september ár hvert ef annar hvor aðili óskar þess.

### 9. Launakjör skv. eldra skipulagi (starfsmenn sem gengdu þeim störfum halda óbreyttum kjörum)

<b>Aðstoðarumdæmisstj.</b>	Aðstoðarmaður og staðgengill umdæmisstjóra	27
<b>Umd.stj. 1</b>	Umdæmisstjórar umdæma með fjóra eða færri starfsmenn.	27
<b>Umd.stj. 2</b>	Umdæmisstjórar umdæma með fimm eða fleiri starfsmenn.	32
<b>Svæðisstj. 1</b>	Fjórir eða færri starfsmenn á svæði	27
<b>Svæðisstj. 2</b>	5 eða 6 starfsmenn á svæði	28
<b>Svæðisstj. 3</b>	7 eða fleiri starfsmenn	36

Reykjavík 27. nóvember 2017

f.h. Vinnueftirlits ríkisins



f.h. SFR



Vala B. Þórhallsdóttir

Samningur þessi tekur gildi 1.12.2017

### Bókun 1.

Samkomulag er um að allir SFR félagar hækki í launum sem hér segir um fram það sem fram kemur í samningi þessum:

Frá 1.1.2017 – 31.5.2017. Um einn launaflokk (þrep voru þá aldurstengd eingöngu)

Frá 1.6.2017. Um eitt alunaþrep í nýrri launatöflu.